



Alþýðusamband Íslands

Endurskoðuð hagspá 2013-2015

Hagdeild ASÍ
Júlí 2013

Hægur vöxtur framundan

Samkvæmt endurskoðaðri hagspá Hagdeildar ASÍ má vænta þess að hagvöxtur verði 1,7% á árinu og 1,5% á því næsta. Spáð er lakari hagvexti en gert var í síðustu spá sem rekja má til þess að fjárfestingahorfur hafa versnað. Á móti kemur að stöðugleiki gerir vart við sig í hagkerfinu, verðbólga hefur hjaðnað, kaupmáttur launa vaxið og aðstæður á vinnumarkaði batnað. Aðstæðurnar hafa styrkt væntingar neytenda sem sést m.a. í auknum umsvifum á fasteignamarkaði. Vöxtur einkaneyslu er hægur en hvílir á traustari grunni en áður þar sem hún er ekki lengur drifin af tímabundnum úrræðum á borð við úttekt á séreignasparnaði eða sérstakri vaxtaniðurgreiðslu. Gert er ráð fyrir 1,5% vexti á einkaneyslu á þessu ári, 22,6% vexti í íbúðafjárfestingu og 2% vexti á útflutningi.

YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

	Í ma.kr.	Bráðab.	Spá	Spá	Spá
Hlutfallsleg breyting	2012	2012	2013	2014	2015
Einkaneysla	915.9	2.7	1.5	1.7	2.5
Samneysla	435.8	-0.2	0.6	0.9	1.8
Fjármunamyndun	245.8	4.4	-9.2	27.5	17.0
þar af atvinnuvegir	169.9	8.6	-19.1	32.9	20.5
þar af húsnæði	45.3	6.9	22.6	22.5	10.4
þar af hið opinbera	30.6	-17.0	5.3	7.7	8.7
Þjóðarútgjöld	1,600.4	1.9	0.4	4.1	4.7
Útflutningur	1,011.0	3.9	2.0	1.0	1.3
Innflutningur	903.2	4.8	-0.4	5.8	5.0
Landsframleiðsla	1,708.2	1.6	1.7	1.5	2.7
Verðbólga ¹		5.2	4.5	4.2	2.9
Atvinnuleysi ²		5.8	4.4	4.5	4.3
Gengisvísitala ³		222	220	220	217
Viðskiptajöfnuður ⁴		0.8	4.9	2.2	-0.3

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu án innlánsstofnana í slitameðferð

Fjárfesting dregst saman um 9,2% á árinu sem er töluverð breyting frá spá okkar í mars. Ýmsar forsendur hafa breyst og er uppbygging við álver í Helguvík ekki í sjónmáli á þessu ári en líkur á að hún hefjist síðar á næsta ári ásamt framkvæmdum á Bakka. Enn fremur kemur erfið staða í ríkisfjármálum, m.a. sökum þess tekjutaps sem lækkun sérstaks veiðigjalds kann að valda, til með að setja þrýsting á endurskoðun fjárfestinga og samneysluútgjalda. Ekki er útlit fyrir að ráðist verði í byggingu á nýjum spítala og fangelsis á Hólmsheiði á þessu ári líkt og væntingar voru um í vor.

Töluverð óvissa ríkir varðandi marga þætti sem áhrif hafa á hagspána og þá sérstaklega stóra fjárfestingarkosti á þessu ári og því næsta. Aðrir óvissuþættir snúa meðal annars að helstu áherslubreytingum í kjölfar nýrrar ríkisstjórnar, bata í heimsbúskapnum og gengi krónunnar. Verðbólga hefur hjaðnað hratt á vormánuðum samhliða minni sveiflum í gengi krónunnar og árstíðarbundnu innflæði

gjaldeyris. Verðbólga á næstu misserum mun því að mörgu leyti ráðast af vilja og getu Seðlabankans til þess að lágmarka sveiflur í gengi krónunnar.

- Einkaneysla jókst lítillega á fyrsta ársfjórðungi en flest bendir til þess að hún komi til með að taka við sér á öðrum ársfjórðungi en vaxandi væntingar neytenda hafa komið fram í töluverðri aukningu á kortaveltunni á öðrum ársfjórðungi. Af þeim sökum má leiða líkur að því að einkaneyslan verði meiri en þróun á fyrsta ársfjórðungi gefur til kynna. Okkar mat er að einkaneysla aukist um 1,5% milli ára, 1,7% á næsta ári og 2,5% árið 2015.
- Horfur í ríkisfjármálum hafa versnað og hefur verið ljóst um nokkurt skeið að erfitt verður að standast áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á árinu 2014. Meðal annars skýrist þetta af lægri tekjum sökum umtalsvert lakari hagvaxtar. Fyrirætlanir um lækkun á sérstöku veiðigjaldi, gistináttaskatti auk fleiri aðgerða koma þó ekki til með að bæta stöðuna og ljóst að aðgerða er þörf til að brúa bilið sem kallar á endurskoðun á samneyslu og áætlunum um opinberar fjárfestingar. Við spáum 0,6% vexti á samneyslu á þessu ári og 0,9% á næsta ári.
- Ljóst er að breytt staða í ríkisfjármálum kemur til með að kalla á endurskoðun á fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar og því líkur á að tafir verði á stórum verkefnum á vegum hins opinbera.
- Töluverður samdráttur verður í atvinnuvegafjárfestingu á þessi ári sem skýrist af minni fjárfestingu í stóriðju en einnig hafa sveiflukenndir liðir á borð við innflutning á skipum og flugvélum áhrif. Ljóst er að óvissa um stór fjárfestingaverkefni hefur fremur verið um hvenær, en ekki hvort þau fari af stað. Af þeim sökum er ljóst að innistæða kann að vera fyrir töluverðum vexti í fjármunamyndun á næstu tveimur árum.
- Umsvif á fasteignamarkaði hafa aukist umtalsvert frá byrjun sumars sem merkja má í veltu og auknum fjölda gerðra samninga. Jarðvegur fyrir íbúðakaup hefur batnað, óvissa minnkað en einnig hefur ótrygg staða á leigumarkaði gert íbúðakaup hagkvæmari en ella. Útlit er fyrir töluverða aukningu í íbúðafjárfestingu á árinu, 22,6% á þessu ári og 22,5% á því næsta.
- Auknar veiðiheimildir og áframhaldandi vöxtur í ferðamannaþjónustu, ásamt lítilsháttar aukningu á álframleiðslu styður við útflutning á næstu árum. Í ár er útlit fyrir að útflutningur aukist um 2%, um 1% á næsta ári og 1,3% árið 2015.
- Innflutningur mun dragast lítillega saman í ár eða um 0,4% en með auknum fjárfestingum eykst hann á ný, um 5,8% á næsta ári og um 5,0% árið 2015.
- Gangi spá hagdeildar eftir verður myndarlegur afgangur á viðskiptum við útlönd í ár eða 4,9% af landsframleiðslu. Með auknum innflutningi árin 2014 og 2015 dregur úr afganginum og verður hann 2,2% af landsframleiðslu á

næsta ári. Viðsnúningur verður í viðskiptum við útlönd árið 2015 og þá má gera ráð fyrir halla upp á 0,3% af landsframleiðslu.

- Þrátt fyrir hægán vöxt í hagkerfinu hefur batinn verið merkjanlegur á vinnumarkaði. Þannig hefur dregið úr atvinnuleysi sem nam 4,3% í maí og hefur ekki verið lægra frá hrúni. Að hluta til skýrist samdrátturinn af þeim sem falla út af atvinnuleyðsskrá eða taka þátt í vinnumarkaðsúræðum, en töluverður munur hefur verið á skráðu atvinnuleysi og mældu. Þrátt fyrir þessa staðreynd hefur fjöldi starfandi einstaklinga farið vaxandi og sá samdráttur sem merkja mátti í vinnutíma á síðasta ári virðist vera lokið. Okkar mat er að batinn haldi áfram, en að hversu miklu leyti hann muni koma fram í minna atvinnuleysi er óljóst og kunni fremur að birtast í fækkun utan vinnumarkaðar, fjölgun vinnustunda eða aðflutningi. Atvinnuleysi verður að jafnaði 4,4% á þessu ári, 4,5% á því næsta og 4,3% árið 2015.
- Verðbólga hefur hjaðnað hratt á þessu ári og mældist 3,3% í maí miðað við 5,4% á sama tíma árið á undan. Horfur hafa skánað frá því í síðustu spá en vísitala neyslúverðs hækkaði um 1,6% í febrúar í kjölfar töluverðrar veikingar krónunnar. Seðlabankinn brást við með inngripum og hefur verðbólga hjaðnað hratt samhliða stöðugu gengi frá upphafi árs. Ljóst er að þróun gengisins kemur til með að hafa höfuðáhrif á verðbólgu og verðbólguvæntingar er fram líða stundir. Draga mun úr verðbólgu á spátímanum og verður hún 4,5% að jafnaði á þessu ári, 4,2% á næsta og 2,9% árið 2015.